

Landkosta og sérstöðugreining

Hvalfjarðarbotn að Húsafelli

Guðlaugur Darri Pétursson
Ingunn Sigurðardóttir
Silja Marteinsdóttir
Þórir Ingi Ólafsson

Efnisyfirlit

1	//	Inngangur og aðferðafræði
2	//	Þemu
3	//	Landmótun
4-8	//	Vatnafar
9	//	Veðurfar
10	//	Jarðvegur
11	//	Gróðurfar
12	//	Vistgerðir og dýralíf
13	//	Landnotkun
14-18	//	Búseta á svæðinu
19-21	//	Menningarminjar
22-24	//	Menningarlegar skírskotanir
25-29	//	Rými og fagurfræði
30-34	//	Landslagsheildir og túlkun
35-48	//	Gönguleið
49	//	Samantekt
50-53	//	Heimildaskrá

Inngangur og aðferðafræði

Verkefnið gengur út á að stika gönguleið um svæðið frá Hvalfjarðarbotni um Borgarfjarðardali að Húsafelli. Ákveðnir þættir voru lagðir til grundvallar við greiningu á landkostum svæðisins. Við gengum út frá norsku greiningaraðferðinni ásamt okkar upplifun á leið okkar um svæðið. Við lögðum okkur fram um að fanga staðaranda og greina sérstöðu á hverjum stað. Sumsstaðar var upplifun áþekk á milli svæða og sumsstaðar allt önnur. Misjafnt er hversu mikið hlutar svæðisins eru innan alfaraleiðar. Þegar leiðin okkar var stikuð var óhjákvæmilegt að stika leiðina eftir slóða sem þegar er fyrir hendi og stundum eftir vegarkafla. Reynt var að raska landi eins lítið og unnt er en jafnframt leitast við að hafa upplifun göngugarpa fjölbreytta og áhugaverða.

Hæðarlínur voru skoðaðar og gönguleið stikuð þar sem hæfilegur halli liggur þar sem við vildum útbúa gönguleið með lágt erfiðleikastig. Gangan hentar byrjendum og þeim sem vanari eru göngum af þessum toga. Einfaldur búnaður er allt sem þarf, s.s góðir gönguskór og vaðskór ásamt klæðnaði eftir aðstæðum,léttur göngupoki, göngustafir og nestisbiti er góð byrjun fyrir þann sem leggur upp í ferðalagið.

Hér á eftir er nánar farið yfir þá þætti sem mörkuðu þann farveg sem við völdum fyrir okkar gönguleið. Það eru þættir sem grundvallast af ítarlegri greiningu á landslagsheildum, karaktersvæðum, gróðurfari, vistkerfum, vatnafari, veðurfari, búsetu, menningar- og náttúruminjum, verðmæti svæðis, rými þess og fagurfræðilegir þættir.

Þemu

Landmótun og Vatnafar

Gróðurfar og Dýralíf

Landnoktun og Búseta

Menningarminjar

Menningarlegar Skírskotanir

Fagurfræði og Rýmiskennd

Landmótun

Form dala og jarðmyndana

Mikið af sléttum myndast bæði ofan í dölunum og líka ofan á hálsunum.

Rými myndast sérstaklega í dölunum. Víðu dalirnir Flókadalur og Reykholtsdalur mynda opið og mikið rými en þeir þröngu mynda lokaðra og augljósara rými. Þröngu dalirnir eru Skorradalur og Lundarreykjadalur

Á svæðinu er einnig mikið af formum. Þar má nefna mjúk U-laga form sem myndast í Hvalfirði, Lundarreykjadal og Flókadal.
Svo á móti mynda Skorradalur, Rauðsgil og Þverárgil hvöss V-laga form.

Lundarreykjadalur

Form fjalla

Þyrill í Hvalfirði

Selfjall við Botnsheiði upp af Hvalfirði

Skúlafjall þar rétt við

Þverfell við botn Lundarreykjadals

Tungufellsmúli norðan við Lundarreykjadal

Reyðarfell upp af Lundarreykjadal

Lundarháls

Brennistaðaháls ofan Flókadals

Fjöllin þrjú við jaðar Reykholtsdals;

Búrfell

Útfjall

Selfjall

Sérstæðar jarðmyndanir:

Áberandi klettar, holt, tindar, misgengi, hólar ofl.

Skriðufalla gætir nokkuð úr hlíðunum báðum megin Lundarreykjadals.

Vatnafar

- Helstu fossar, hverir og flúðir
- Ár og skurðir
- Göngulaðin
- Jökla, stærri ár og stöðuvötn

Vatnafar á svæðinu er mikið. Mikið er af vötnum, ám, laugum og fossum. Einnig eru nokkrir hverir. Svæðið einkennist mikið af vatnafari sínu og gera sér margir ferð til þess að

Vatnafar

Helstu fossar

Paradísarfoss - í 700m hæð í Brunná

Þvergilsfoss - fellur úr Þvergilstjörn

Hvítserkur - slæðufoss í Fitjaá

Keilufoss(áður Sarpur) - í Fitjaá ofan við bæinn Sarp

Englandsfoss - 8 m hár í Fitjaá við bæinn England

Bæjarfoss, Laxfoss, Einiberjafoss og Tröllafoss - í Rauðsgilsá

sem rennur um Rauðsgil frá Oki

Hraunfossar - lindárvatn sem streymir ofan í Hvítá sem er jökulá

Barnafoss - í Hvítá ofan við Hraunfossa báðir á friðlýstu 36,1ha svæði

Hvítserkur

Hraunfossar



Paradísarfoss

Vatnafar

Helstu vötn

Eiríksvatn

Skorradalsvatn

Þvergilstjörn

Flákagilstjarnir

Gvendarbrunnur

Hrafnatjarnir

Þrándarvatn

Bláfinnsvatn

Skógavatn

Laugutjörn Flókadal



Vatnafar

Helstu ár

Brunná liggur vestan megin í Selfjalli og rennur úr Hvalavatni. Straumhörð í vatnavöxtum smáfossar og katlar/brunnar víða.
Efst fellur áin fram af klettabrún, niður á bergbrún sem áin sverfur meira og meira með tímanum.

Litlasandsá

Fitjaá rennur úr Eiríksvatni í Skorradalsvatn. Unnt er að vaða ánna á nokkrum stöðum.

Tunguá er með vatnasvið um 67 km^2 og á upptök sín í Kvígindisfelli. Lindársvipur er á þessari grónu bergvatnsá.
Heildarlengd Tunguár er 20 km. Þar af er laxgengi hlutinn 10 km langur. Tunguá fellur í Grímsá, vatnasvið ánna er 313 km^2.

Grímsá, sem telst til bestu laxveiðiáa landsins, rennur um Lundarreykjadal. Heildarlengd Grímsár er 42 km en laxgenga svæðið er 32 km langt.

Flóká eða Flókadalsá rennur ofan af afrétti um sunnanverðan Flókadal. Hún er allmikil laxveiðiá.

Geirsá rennur um norðanverðan Flókadal

Reykjadalsá

Rauðsgilsá í Rauðsgili á upptök sín í Oki og rennur í Reykjadalsá.

Hvítá er síbreytileg, litur árinnar breytist í takt við veðurfar s.s úrkomu og hitastig.

Vatnafar

Helstu laugar
Englandslaug í Englandshverum.

Krosslaug í Lundarreykjadal.

Gvendarbrunnur ofan við Húshól í Lundarreykjadal en hvarf í skriðu 1932.

Snorralaug í Reykholti.

Krosslaug

Snorralaug

Helstu hverir
Dynkur

Deildartunguhver

Skrifla

Hverirnir við Kleppjárnsreyki

Englandshverir

Englandslaug

Votlendi við Fitjaá

Votlendi
Fellaflói er mýri á heiðinni sunnan við bæinn á Rauðsgili í Reykholtsdal

Votlendissvæði er við ósa Fitjaár, áform eru um að friðlýsa 0,88 km2 votlendissvæði Endurheimt votlendi milli Götuáss og Mávahlíðarmela í

Lundarreykjadal.

Veðurfar

Í botni Hvalfjarðar þar sem ferðalagið hefst er NA átt ríkjandi. Þetta á svo eftir að breytast strax og komið er að Fitjum yfir í SA átt. Samkvæmt vindatlasinum er SA áttin ríkjandi í Borgarfirðinum. Sumrin er almennt mild og meðal hitinn yfir sumarið er, 5,9° í maí, 9,6° í júní, 11.1° í júlí og 10,5° í ágúst.

Hvalfjörður



Reykholt



Húsafell



Jarðvegur

Samkvæmt jarðvegskorti Ólafar Arnalds og Hlyns Óskarssonar er svæðið sem gönguleiðin fer í gegnum aðallega jarðvegur auðna þ.e.a.s. fjallendi, votlendi, malarborið og grýtt land. Svæðið er er flokkað sem partur af eldfjallajörð. Þetta svæði er flokkað undir brúnjörð – svartjörð og votjörð. En bæirnir sem eru í dölunum hafa verið duglegir að rækta upp tún í gegnum tíðina og eru dalirnir grænir að sjá.



Gróðufar

Gróðurfar

Nokkuð er um ræktaða skóga á leiðinni. Skógarbændur eru bæði á Fitjum og Iðunnarstöðum sem hafa komið upp skógum á sínum jörðum. Þessir skógar samanstanda að mestu af barrtrjám og öspum. Á Múlastöðum er skógræktin byrjuð að rækta upp skóg. Í bland við ræktuðu skógana eru náttúrulegir birkiskógar en stærsti náttúrulegi skógurinn er þegar komið er í Húsafell. Stór hluti birkisins er 0 – 2 metrar á hæð og runnakennt en einnig eru þar tré sem eru 5 metrar og yfir.



Vistgerðir og dýralíf

Á Borgarfjarðarbraut eru þó nokkrar vistgerðir. Má þar nefna Víðimeli, flagmóa, runnamýri, lyngmóa, mosamela, melgambra, urðarskriður, starungamýrar, hraungambra, fjalladrapamóa, eyðimela og kjarrskógavist. Nokkuð er um skógrækt og tún og akurlendi.

Með allar þessar vistgerðir á svæðinu verður til fjölbreytt flóra af fuglalífi og gróðri. Skógarnir iða af lífi með skógarþröstum, þúfutittlingum, hrossagaukum, rjúpu og músarindli svo eitthvað sé nefnt. Skógarbotnarnir eru líka fullir af lífi hvort sem það eru skordýr eða mýs sem skjótast um, eða sveppir sem hægt er týna með sér og setja á pönnuna eftir góðan dag á göngu. Í móunum og melunum kemur lóan og verpir ásamt spóanum. Nóg getur verið af berjum á leiðinni en bæði eru það bláber og krækiber sem göngufólk getur gætt sér á. Í Botnsvogi hefur fuglalíf aukist síðustu árin með mildari vetrum og eru nú æðafuglarnir áberandi. Þeir sem fara gönguna á haustin eiga von á að sjá stokkönd og rauðhöfðaönd ásamt stormmáfi og hettumáfi.



Landnotkun



Landnotkun er mikið til notkun mannsins á svæðinu og tekur til þéttbýliskjarna t.d. Húsafell, Reykholt og Kleppjárnsreykir. Landbúnaðarjarðir eru tún og engi í Skorradal, Lundarreykjadal, Reykholtsdal og Flókadal og ferðaiðnaðarsvæði eru Reykholt, Deildartunguhver (Krauma) og svo frístundasvæðin við Húsafell og í Skorradal. Landslagið skipar stóran sess í upplifun ferðamannsins á svæðinu. Gönguleiðir eru áhugaverðastar ef upplifun af landslagi er fjölbreytt.

Búseta á svæðinu

Fitjar

Á Fitjum hafa Hulda og bróðir hennar komið upp aðstöðu sem hún lýsir sem fjallaskála sem er með gistingu fyrir um 12 manns. Í húsinu er sturta og eldunaraðstaða. Þetta hefur aðallega verið notað af hestafólki í gegnum tíðina. Þau eru bara nýlega komin með starfsleyfi. Á Fitjum stendur einnig Fitjakirkja sem var upphaflega byggð 1896-97. Þetta er ein síðasta kirkjan sem var byggð í hinum gamla turnlausa stíl. Þau eru skógarbændur og hafa verið síðan 1995. Það sést vel á landinu þeirra enda kominn mikill og fallegur skógur sem samanstendur af stafafuru, sitkagreni,blágreni og ösp. Hulda vildi benda á að sniðugt gæti verið að koma upp gistiheimili eða farfuglaheimili í botni Hvalfjarðar.

Fitjakirkja

Búseta á svæðinu

Iðunnarstaðir

Á Iðunnarstöðum hafa hjónin Þórarinn og Hjördís reist glæsilegt 13 herbergja hótel sem heitir Basalt. Það er með gistingu fyrir allt að 30 manns. Hótelið reka þau ásamt dætrum sínum. Þórarinn og Hjördís eru skógarbændur á bænum Tungufelli. Við Tungufell er kominn myndarlegur skógur af lerki, furu og ösp sem göngufólk fer í gegnum á leið sinni frá Iðunnarstöðum. Þau hafa verið að nýta skóginn og selja jólatré. Hótelið er glænýtt og allt hið glæsilegasta með flottum veitingastað. Á svæðinu frá Fitjum til Iðunnarstaða er margt að sjá og skoða. Innarlega í Lundarreykjardal er bærinn England þar sem Englandshverir eru. Ákveðið ævintýri er að komast yfir Tunguá þar sem fara þarf yfir ána á hitaveituröri til að komast í laugina. Útsýnið frá Iðunnarstöðum niður dalinn er stórkostlegt og góður andi ríkir á svæðinu.

Hótel Basalt

Búseta á svæðinu

Múlastaðir

Fyrir neðan hlíðina í Lundahálsi stendur bærinn Múlastaðir.

Í kringum bæinn eru stór tún og rennur Flókadalsá fyrir neðan. Múlastaðir stendur á 650 ha jörð sem skógræktin festi kaup á árið 2014. Til stendur að rækta upp skóg á allri jörðinni og nú þegar hafa verið gróðursettar 260 þúsund trjáplöntur á 113 ha svæði.

Húsið er mikið uppgert og hefur íslenskt timbur verið í stóru hlutverki.

Múlastaðir

Múlastaðir

Búseta á svæðinu

Reykholt og Kleppjárnsreykir

Kleppjárnsreykir eru lítið þorp með mikinn jarðhita og hveri. Í þorpinu er skóli og sundlaug. Nafnið á staðnum kemur frá Kleppjárni sem bjó á Reykjum sem nú heita Kleppjárnsreykir síðan um 1500. Ef fólk hefur hugsað sér að dýfa sér í heitt bað á þessum slóðum er annars vegar hægt að fara í Kleppjárnslaug sem er með fyrirmyndar aðstöðu. Svo spölkorn í burtu er Krauma sem er lúxus baðstaður staðsettur hjá Deildartunguhver, aflmesta hver Evrópu.

Í Reykholti er hvert horn fyllt af sögu liðinnar tíðar. Saga Reykholts er meira en 1000 ára gömul. Þekktasti íbúi Reykholts er Snorri Sturluson (1179 – 1241) rithöfundur. En Reykholt var fyrir hans tíð stórbýli og kirkjumiðstöð. Reykholt býður upp á að skoða miðalda og menningarsetrið Snorrastofu þar sem gestir geta fræðst um sögu staðarins og skoðað gömul handrit. Miklar fornminjar er að finna á svæðinu þar á meðal bæjarstæði miðaldakirkju, snorragarð, konungslund og hina frægu Snorralaug.

Eftir daginn er svo gott að hvíla lúin bein á Fosshóteli sem er staðsett í Reykholti og búið veitingastað og heilsulind sem svíkur engann.

Reykholt

Snorralaug

Búseta á svæðinu

Húsafell

Í Húsafelli er sumarhúsabyggð og lúxus hótel og allt er til alls hvort sem þú vilt liggja og slaka á í heitum böðum eða taka á því á golfvellinum. Húsafell situr í miklum og stórum skógi umlukið fjöllum. Í Húsafelli er hægt að finna urmul af afþreyingu. 9 holu golfvöllur er á svæðinu og einnig glæsileg sundlaug. Mikið er af gönguleiðum í gegnum skóginn þar sem ferðalangurinn upplifir eitthvað nýtt í hverju skrefi. Stórbrotið umhverfið býður upp á stórskorin gil, ólgandi jökulár, kristal tærar lindir og ýmiskonar hraunmyndanir.

Hótel Húsafell og sundlaug Húsafells

Sumarhúsabyggð

Menningarminjar

Með helstu mennningarminjum á svæðinu má nefna brúnna yfir Bláskeggsá í Hvalfirði en hún er ein elsta steinbrú landsins. Hún var byggð árið 1907 og þjónaði í fyrstu gangandi og ríðandi fólki. Hún þykir eitt merkilegasta mannvirki sinnar tegundar hér á landi og árið 1978 var hún friðlýst.
Jón Þorláksson, einn helsti frumkvöðull í smíði steinsteyptra brúa, hannaði brúna á Bláskeggsá.

Bláskeggsárbrú

Pétursvirki

Pétursvirki - Vestast á Hrútaborgum á Englandshálsi sem tilheyrir bænum Englandi í Lundarreykjadal í Borgarfirði er að finna virki hlaðið úr grjóti. Virkið þykir merkilegt fyrir þær sakir að hleðslumaðurinn Pétur Georg Guðmundsson var einungis 10 ára gamall þegar hann hlóð það. Virkið er ferhyrnt í laginu og þykir einkar haganlega gert. Þessar menningarminjar eru á skrá hjá Minjastofnun sem friðlýstar fornleifar.

Menningarminjar

Búsetuminjar

Margar kirkjur eru á svæðinu og eru flestar þeirra flokkaðar sem friðaðar minjar. Þær bera að vissu leyti vitni um liðna tíð; litlar sóknir, mikla guðrækni og erfiðar samgöngur þar sem litlu sveitakirkjurnar þjónuðu að ákveðnu marki einnig hlutverki samkomuhúsa eða félagsmiðstöðva sveitanna.

Menningarminjar

Kennileiti



Menningarlegar skírskotanir

Söguleg tenging svæðisins er vissulega rík saga um nýtingu heita vatnsins. Nokkur dæmi eru;

Snorralaug í Reykholti , ein þekktasta laug landsins. Laugin er meðal þeirra fornleifa sem fyrstar voru friðlýstar árið 1817. Snorralaug var samkomustaður á Sturlungaöld og hafði hún því félagslegt gildi.

Í Lundareykjadal er Englandslaug. Laugin var hlaðin upp í heitum læk sem rennur í Tunguá og var notuð til sundkennslu á árum áður.

Nýting heita vatnsins í Borgarfirði til ylræktar hófst á þriðja áratug síðustu aldar.

Ylrækt í Borgarfirði

Menningarlegar skírskotanir

Snorri Sturluson bjó í Reykholti frá 1206-1241. Hann er talinn einn frægasti og áhrifamesti íslendingur sem uppi hefur verið. Hann var höfðingi, söguritari, skáld, stjórnmálamaður og er talin höfundur margra Íslendingasagna. Þar má telja Heimskringlu, Konungasögur, Snorra Eddu og Egils-Sögu.

Reykholt er talið hafa verið eitt mesta menningar-og menntasetur Íslendinga á miðöldum.

Snorri Sturluson

Snorrastofa í Reykholti

Í dag er starfrækt Snorrastofa sem er menningar og miðaldasetur stofnað í minningu Snorra. Þar er bókasafn og fer fram ýmisleg menningarleg starfsemi sem þjónar nærsveitum og ferðamönnum.

Menningarlegar skírskotanir

Í Húsafelli er að finna steinhörpu sem smíðuð er af listamanninum Páli Guðmundssyni sem fæddur er og uppalinn á Húsafelli.

Steinharpan er líklega hans frægasta verk og hefur verið notuð t.d. af hljómsveitinni Sigurrós.

Steinharpan

Páll Guðmunddson

Verk eftir hann má meðal annars finna í Kaldárbotnum hjá Húsafelli.

Páll er með vinnustofu í Húsafelli þar sem hann stundar myndlist og höggmyndagerð í náttúrustein.

Rými og fagurfræði

Dalirnir eru ýmist mjúkir U laga opnir og víðir jökulsorfnir eða þröngir V- laga og misstórir vatnssorfnir.

Litadýrð er talsverð og er hún áberandi enda gamlar megineldstöðvar á svæðinu. Berglagastaflar með skýrum náttúrulegum línum. Þyrill er áberandi rúmtak þar getur verið uppstreymi og sviptivindar(nærviðri). Hljóðbært er innst í hvalfirði en niðurinn í ánum er þægilegur í bland við fuglasöng sem er aðallega á vorin. Gróðurilmur er upp með hlíðum og inn með ánum.

Rými og fagurfræði

Skorradalshreppur er fyrst og fremst landbúnaðarjörð en einnig er mikil frístundabyggð og talsverð skógrækt.
Skorradalsvatn fyrir miðju þekur að mestu dalbotninn en það er endilangt formfast og með tæran lit.
Skógræktin setur fallegan heiðrænan svip í brekkur dalsins.
Fuglasöngur heyrist og niður frá Fitja á sem hefur róandi áhrif.
Tilkomumiklir fossar upp með ánni hrífa einnig þar sem tært vatnið skellur á klöppum í ánni.
Ilmur af nýslegnu grasi á vorin er talsverður þar sem engi sem tilheyra landbúnaðarsvæðinu þekja stóran hluta dalsins og gefa fallega grænan lit við blátt vatnið.
Vetrarsýn er hrein og fögur með hvítum sléttum í bland við dökkan vatnsflötinn og sígrænu skógana og einstaka rúmtaki, mynstri og punktumi þar sem stök tré eða trjáraðir fanga augað.

Rými og fagurfræði

Fallegar opnar mjúkar línur, með náttúrulegum línum í hryggjunum meðfram dalnum

Undirlendi gróið með geometrískum engjum í bland við bugðótta ánna sem brýtur upp forminn og markar skil.

Litadýrð lúpínubreiðu í dalsmynni ásamt þúfum og klettum eru augnakonfekt af bestu gerð.

Rými og fagurfræði

Láréttar línur í fjöllum þar sem berglagastaflinn myndar virðulega ásýnd. Geometrísk form í engjum skipta dalnum í reiti, Fallegt landbúnaðarlandslag Niðurinn í kringum Flókadalsá heyrist vel nálægt bökkum hennar og skapar skemmtilega upplifun. Opinn víður dalur en varla er hægt ða sjá muninn á því hvort verið er á sléttu eða í dal. Gróður setur hlýlegan svip á dalinn með tengingum fyrir fugla.

Rými og fagurfræði

Sléttlendi þar sem jökullinn hefur rutt jarðvegi undan sér og skilið eftir sléttan dal með hryggjum sitt hvorum megin. Hiti í jörð gerir gufustróka áberandi.

Trjágróður gefur fallega mynd í bland við lítt snerta náttúru.

Borgar stemning er í Reykholti lítið þorp með mikla sögu.

Landslagsheildir

Landsvæðið frá Hvalfirði að Húsafelli ber sterk einkenni rofs af völdum útrænna afla.

Dalir og dalbotnar; Skorradalur, Lundarreykjadalur, Flókadalur, Reykholtsdalur,

landbúnaðarjörð, skóglendi Skorradalsskógur og Húsafellsskógur sem er náttúrulega sprottinn



Náttúrulegar landslagsheildir: Grænir dalir á milli gráu hryggjanna og skorradalsvatnið sem þekur dalbotn Skorradals

Landslagsheildir



Túlkun landslagsheilda

Breytingaöfl

Náttúruleg breytingaröfl eru flóð, skriðu og rof af völdum vinds, vatns.
Skriður í fjöllum og fjallshlíðum eru áberandi og settu svip á Lundarreykjadal fyrrum. Gönguleiðin liggur um gil og gljúfur sem eru til vegna rofs af völdum vatns og er stöðugt að breytast.
Árfarvegir breytast af náttúrulegum orsökum þar sem bugðóttu árnar skrapa saman setlögum sem fylla smátt og smátt árfarveg og ný bugða myndast sem breytir árfarveginum. Náttúrulegar breytingar sem taka langan tíma.
Gróðurfar af náttúrulegum toga er síbreytilegt, náttúrulegur gróður skríður og sáir sér og breytir ásýnd mishratt.

Breytingaröfl af manna völdum eru sýnileg á gönguleið. Byggingar, mannvirki, ræktun bújarða, gróðursetning, og breyting á vatnsrennsli í árfarvegi áberandi þáttur. Stærstu dæmin um byggingar eru við Húsafell, Kleppjárnsreyki og Reykholt, trjárækt er víða og ræktun bújarða einnig. Við Englandslaug var haft áhrif á rennsli vatnsins til að mynda laug. Krauma með vatnið úr Deildartunguhver er þekkt kennileiti þar sem ásýnd landslags hefur breyst töluvert.

Túlkun landslagsheilda

Samhengi og samspil

Jarðvegs grunnurinn á þessu svæði er gamall og samanþjappaður af jöklinum sem huldi landið áður. Þroskaður grunnur sem hleypir illa eða ekki í gegn vatni og hefur orðið fyrir einkennum af þunga jökulsins þar sem hann ryðst fram.
Það gerir það að verkum að gróður á svæðinu einkennist af votlendisgróðri að hluta. Heildarásýnd svæða sem við tökum fyrir eru hryggir og hásléttur með fjölbreyttu gróðurfari grasa og lynggróðurs í bland við votlendisgróðurfar.
Sterk landslagsheild sem einkennir stóran hluta gönguleiðar og þekkist vel á Íslandi.

Vatnafar hefur sérstaka ásýnd vegna þessa og eru Hraunfossar gott dæmi þess, þar sést greinilega berggrunnurinn undir Hallmundarhrauninu sem hefur ekki verið þakið jökli af sama þunga og undirlagið. Það hleypir bergvatni regnvatni vel í gegn og úr verður þessi fallega fossaröð.

Berglagastaflar þar sem jarðlögin halla í suðaustur inna að gosbeltinu sem eru sýnilegir í fjöllum og fjallhryggjum þar sem línur og rákir afmarka bergstaflana og sýna vel hvernig þeir hafa mótast við ruðning jökuls. Þessar landslagsheildir sjást vel að sumri og að vetri. Gróður þar er einsleitur og lítið.

Gljúfur og gil þar sem áin hefur sorfið og skilið eftir merki í landslagi og myndað þá heild sem við sjáum Rauðsgil þar sem Rauðsgilsá rennur er dæmi um sterka landslagsheild þar sem samspil vatns, bergs og jarðvegs er áberandi.

Túlkun landslagsheilda

Kennileiti

Hvalfirði

- Þyrill áberandi fjall í upphafi
- gönguleiðar með formfögrum klettahatti

Skorradal

- Hvítserkur slæðufoss í Fitjaá
- Skorradalsvatn

Lundarreykjadal

- Hótel Basalt
- Pétursvirki - manngert virki
- Englandslaug heit laug notuð til sundkennslu

Flókadal

- Múlastaðir
- Brennistaðir

Reykholtsdal

- Deildartunguhver
- Reykholt
- Hraunfossar
- Húsafell



★ Áningarstaðir

Gönguleið fyrsta daginn

Gönguleiðin hefst í botni Hvalfjarðar við Botnsskóg þaðan er haldið upp Síldarmannabrekkur upp til móts við Þyrils topp. Þyrill er með hæsta punkt 393m. Þar er útsýni ægifagurt og má sjá hvar Bláskeggsá rennur en þar er elsta steinbrú landsins. Auka gönguleið að Þyrli er skemmtileg viðbót við leið okkar. Þaðan er svo haldið áfram upp á Botnsheiði eftir Síldarmannagötum.



Aukaleið að Þyrli
Dagleið
Byrjunarstaður
Fitjar
Vatnshorn
Þyrill

Útsýni af Þyrli niður í Hvalfjörð

Gönguleið fyrsta daginn

Þaðan er svo haldið áfram eftir Reiðskarði upp með Grjóthlíð og þaðan sem leið liggur upp á Botnsheiði sem er í um 500m hæð. Þar er einkennandi fyrir svæðið lítt raskað votlendi, með votlendisgróðri og lítið spilltri náttúru. Þaðan er útsýni yfir í Skorradal og fögur fjallasýn.





Útsýni af Botnsheiði yfir í Hvalfjörð

Línur í landslagi sjást vel með smá myndvinnslu



Útsýni af Botnsheiði yfir í Skorradal

Gönguleið fyrsta daginn

Við höldum áfram að Vatnshorni í Skorradal en þaðan liggur leiðin niður að Fitjum þar sem dagleiðin endar. Við Fitjar er friðað votlendi sem er einstaklega fallegt og líflegt mýra og flóasvæði. . Skógurinn sem stendur fyrir neðan hlíðar Vatnshorns er friðaður skógur sem gaman er að ganga um en þar er mikilvægt búsvæði plöntu og fuglategunda.

Í heild sinni ef tekin er gangan í Þyril þá er gengið um 20.7 kílómetra en ef Þyrli er sleppt þá er gangan 16.8 kílómetrar



Fitjar í Skorradal

Vatnshornsskógur í Skorradal

Gönguleið annan daginn

Frá Fitjum liggur leið okkar inn eftir Skorradal í átt að Eiríksfelli sem er inn við Eiríksvatn. Úr Eiríksvatni rennur Fitjaá sem liggur eftir skorradalnum og rennur þaðan í Skorradalsvatn. Í Fitjaá er fallegur slæðufoss sem ber heitið Hvítserkur og þangað höldum við og stöldrum við og njótum kyrrðar og niðarins í fossinum sem skapar einstaka stemningu þarna er góður staðarandi. Þegar upp á Eiríksfell er komið er útsýni gott til allra átta, við horfum yfir Skorradalinn og víðáttan er mikilfengleg.



Eiríksfellí Skorradal

Vatnshornsskógur í Skorradal

Gönguleið annan daginn

Frá Hvítserk höldum við yfir hálsinn á leið okkar yfir í Lundarreykjadal þar sem fyrsta stoppið okkar verður við Pétursvirki.Pétursvirki er manngert virki sem stendur vestur af Hrútaborgum innarlega í Lundarreykjadal. Hundrað ára gamalt eftir ungan dreng.

England nefnist jörðin sem við göngum um en þar skoðum við laug sem hlaðið var fyrir til þess að stöðva rennsli og þar var sundkennsla á árum áður.

Heitar uppsprettur eru einkennandi fyrir þetta svæði og fáum við að njóta þeirra á leið okkar.

Gróður er áberandi grænn við laugarnar og setur skemmtilegan karakter og andstæður við dökka lit svart jarðarinnar.



Pétursvirki

Englandslaug

Gönguleið annan daginn

Áfram yfir í Lundarreykjadal verður Gíslavarða næst á vegi okkar. Hún stendur á klapparhól norður af bænum Reykjum. Við mælum með léttum krók að þessari hlöðnu vörðu í landi Englands á leið okkar að næstu uppsprettu. Sú nefnist Krosslaug í landi Reykja nefndist líka Reykjalaug áður og var notuð til sundkennslu allt til 1980. . Skógræktarreitur er þar í kring.

Vatnasvæði er fjölbreytt á þessu svæði og eldfjalla jörðin á þessu svæði er frjósöm og gróðursæl. Sérstaklega er grænn litur í kringum hverina og uppspretturnar. Tunguá sem á upptök í vestanverðu Kvígyndisfelli rennur um Lundarreykjadalinn.

Við höldum áfram frá þessu á einstaka karaktersvæði í átt að Basalt hótelinu sem við munum hvíla næstu nótt og safna kröftum fyrir næsta dag.

Dagur númer 2 er um 18 kílómetrar en ef Gíslavarða er tekin að þá er hún 19.6 kílómetrar.



Krosslaug

Gönguleið þriðja daginn

Frá Basalt Hóteli við Iðunnarstaði höldum við út eftir dalnum að Tungufelli, meðfram veginum og árfarvegi Tunguár. Lindársvipur er með grónum bökkum Tunguár, þar sem hún hlykkjast um Lundarreykjadalinn.

Að Tungufelli þar sem er vaxandi skógrækt í samstarfi við skógræktina. Þar eru 600 þúsund tré af mörgum stærðum og gerðum. Aðallega fura, lerki og greni en einnig aspir. Haustlitir eru gríðarlega fallegir á þessum stað.

Næst eru Oddsstaðir á vegi okkar en á móts við þá fellur Tunguáin í Grímsá.

Á Oddstöðum er ferðaþjónusta að aukast í bland við þess að sinna búfénaði. Þar er gróðursett eitt té á hverju ári til að taka þátt í að lágmarka kolefnisspor og veita skjól gegn vindi. Dalurinn er nokkuð opinn á þessum stað. Odddstaðir taka með þessu þátt í að vernda viðkvæmt land. Talsvert algengt var áður fyrr að skriður féllu úr hlíðunum.

Frá Tungufellskógi

Tungá við Oddstaði



Gönguleið þriðja daginn



Frá Oddsstöðum göngum við framhjá Gullberastöðum á leið okkar upp á Lundarháls. Gvendabrunnur á að hafa verið þar rétt við Húshól sem hvarf 1932 þegar skriða féll úr fjallinu.

Hálsinn er 380m hár og þar eru lítt raskaðir votlendisflákar sem eru sterk karaktereinkenni á hryggjunum á milli dala á þessu svæði.

Þegar komið er upp á hálsinn blasa við Hrafntjarnarhæðir þær eru samansafn tjarna á þessu hálendissvæði. Talsvert vindasamt getur verið á þessum slóðum.

Hraunlagastaflar sem eru algeng karaktereinkenni fjalla á þessu svæði, mynda áberandi línur í hálsinum.

Sama myndin nema sú til vinstri er breytt svo formin sjáist betur í stöflunum

Gönguleið þriðja daginn

Flókadalur

Múlastaðir í Flókadal

Þegar komið er í Flókadal er víðátta allnokkur. Dalurinn er breiður og grunnur og liggur frá vestri til austurs á milli lágra hálsa.

Hæðahryggur liggur eftir dalnum miðjum með lægðum sem geyma smávötn og tjarnir. Hryggurinn skiptir dalnum í tvennt. Smávötn og tjarnir skapa einkenni landslagsins en Flóka eða Flókadalsá rennur um dalinn sunnanverðann en Geirsá um nyrðri enda. Það má segja að aflíðandi hlíðarnar renna saman í eitt án greinilegra marka.

Við gistum á Múlastöðum andinn í þessum opna dal sem líkist meira sléttu er kyrrð og ró enda dalurinn úr alfaraleið og umferð í lágmarki. Gróin engi og þýfðir móar ásamt móbergshryggjum og grónum bökkum árinnar skapa hreina náttúrulega stemningu.

Á degi 3 er gengið um 20.2 kílómetra.

Gönguleið fjórða daginn

Leið okkar liggur frá Múlastöðum eftir Flókadal meðfram Flókadalsár og mun fyrsta áning okkar verða að Brennistöðum.

Þaðan förum við yfir hálsinn að péttbýliskjarnanum kjarri vaxna; Kleppjárnsreykjum. Þar er sterkur svipur gróðurhúsa sem setja sterk karaktereinkenni sem eiga sér tengingu í jarðhitanum sem er ríkjandi á svæðinu. Margir vatnsmiklir hverir þar með samanlagt náttúrulegt rennsli úr hverum og laugum í Reykholtsdal á fjórða hundrað sekúndulítrar. Þrír fjórðu hlutar úr hverum og laugum við Deildartungu og á Kleppjárnsreykjum koma úr þessum hverum. Annar vatnsmesti hverinn í dalnum er á Kleppjárnsreykjum.

Klettar setja sterkan einkennissvip á svæðið sem gefur því ásamt gróðrinum ásýnd þroskaðs lands.

Góður andi er á svæðinu, sjónrænar andstæður og breytileiki. Hiti og kuldi þar sem sést til jökla í bland við gufustróka.



Dagleið 4
Ræktað skóglendi
Brennistaðir
Kleppjárnsreykir
Múlastaðir
Reykholt

Gönguleið fjórða daginn

Reykholt



Stutt er yfir að Reykholti þar sem við gistum fyrir síðustu dagleiðina.

Reykholt er einn sögufrægasti staður landsins. Þar bjó Snorri Sturluson hinn valdamikli sagnaritari íslenskrar og norrænnar menningarsögu.

Í landi Reykholts eru margar menningarminjar eins og miðaldargötur miðaldarbyggingar og Snorralaug.

Líta má á Reykholt sem eins konar pílagrímsstað

Einkenni Reykholtsdals eru jarðhiti skóglendi tún og flatlendi.

Dagur 4 er mjög líkur deginum á undan en í dag er gengið 20.5 kílómetra

Gönguleið fimmta daginn



Hraun- og Barnafossar
Húsafell
Reykholt
Dagleið 5
Ræktað skóglendi

Tvær kirkjur eru á svæðinu gömul timburkirkja og nýja kirkjan.

Snorri er jarðsettur í Sturlungareit í Reykholtskirkjugarðinum en stytta er einnig af Snorra á svæðinu við skólann.

Göngukort er fáanlegt af svæðinu og ljúft að ganga um svæðið með fræðslu áður en haldið er áfram í síðustu dagleiðina að Húsafelli.

Gönguleið fimmta daginn

Leiðin í Húsafell frá Reykholti liggur um Reykholtsdalinn meðfram Reykjaá í átt að Rauðsgili sem er bær við samnefnt gljúfur sem skerst inn í suðurhlíðar hálsasveitar. Áfram göngum við meðfram hryggnum framhjá Fremstagili að Augastöðum.

Þá er unnt að ganga að Hálsi og þaðan að Hraunfossum sem tært bergvatnið fellur í jökulána.

Skammt ofan við Hraunfossa er Barnafoss en þar var náttúrulegur steinbogi unnt var að ganga yfir áður en hann veðraðist í burtu.



Hraun- og Barnafossar
Húsafell
Reykholt
Dagleið 5
Ræktað skóglendi



Gönguleið fimmta daginn

Frá Hraunfossum er haldið áfram að Barnafoss þar sem farið er áfram meðfram bílastæðum og slóða sem liggur í átt að veginum meðfram Reykjadalsá. Þá er um 7 km ganga eftir að Húsafelli

Þar er myndarlegt frístundaþorp með þjónustu og afþreyingu m.a. í formi gönguleiða sundferða og veitingastaða. Giljaböðin víðfrægu eru í rétt ofan við frístundabyggðina. Tilvalið fyrir göngugarpa sem þurfa að hvíla lúna fætur, eða skella sér í sundlaug staðarins áður en farið er til hvílu.

Barnafoss

Síðasti dagurinn er sá lengsti en þá er gengið um 28.9 kílómetra.
Sem þýðir að í heildina er gengið um 110 kílómetra
ef Þyrill og Gíslavarða eru tekin með
en ef því er sleppt sem við mælum ekki með
er gangan um 104.5 kílómetrar.



Reykholtsdalur

Samantekt

Ljóst er að svæðið býður upp á talsverðan fjölbreytileika. Það ber sterkan keim af þeim breytingaröflum sem mótuðu landið. Sögulegt er það einnig og hefur að geyma ómetanlega menningarsögu og náttúruminjar. Við vorum sammála um að vinna verkið af virðingu við svæðið og draga fram góðan staðaranda sem fyrir er ásamt því að styrkja þá starfssemi sem hentar fyrir svæðið miðað við gefnar forsendur. Okkur þótti verkefnið áhugavert og löngu tímabært að gera svæðið aðgengilegt með þeim hætti sem hér er gert.

Heimildaskrá

Basalt Hótel. (e.d.) Basalt Hótel. Sótt af https://www.basalthotel.is/

Ferlir. (2009). Þyrill. Sótt af https://ferlir.is/thyrill/

Gísli Einarsson. (2020). Pétursvirki á Englandi í Lundarreykjadal. Sótt af

https://www.ruv.is/frett/2020/12/27/petursvirki-a-englandi-i-lundarreykjadal

Guðrún Hálfdánardóttir. (2020). Friðlýsing eða kolefnisbinding?.

Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/08/19/fridlysing_eda_kolefnisbinding/

Gönguleiðir. (e.d.) Eiríksfell í Skorradal. Sótt af https://gonguleidir.is/listing/eiriksfell-i-skorradal/

Hulda á Fitjum. (Munnleg heimild, 2022)

Húsafell. (e.d). Húsafell. Sótt af https://www.husafell.is

Íslenskur músík- og menningararfur. (e.d.). Friðlýstar Kirkjur. Sótt af https://www.ismus.is/

Jón G. Snæland, Þóra Sigurbjörnsdóttir. (2011). Heitar laugar á Íslandi. Skrudda

Jónas Kristjánsson, Páll Ásgeir Ásgeirsson. (2011). Þúsund og ein þjóðleið. Sögur útgáfa.

Landvernd. (e.d.). Náttúrukort. Sótt af https://geo.alta.is/landvernd/natturukort/?z=11.92&lat=64.50256238&lng=-21.46065333

Minjastofnun. (1990). Skrá um friðlýstar fornleifar. Sótt af https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf

Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). Náttúruminjar. Sótt af http://www.ni.is/

Ólafur Arnalds, Hlynur Óskarsson. (e.d.) Íslenskt jarðvegskort. Sótt af https://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/jardvegskort_2.pdf

Skorradalshreppur. (e.d.). Fitjakirkja. Sótt af https://skorradalur.is/um-skorradal/fitjakirkja/

Skógræktarfélag Reykjavíkur. (e.d.) Múlastaðir. Sótt af https://heidmork.is/mulastadir/

Snorrastofa. (e.d.) Snorrastofa. Sótt af https://www.snorrastofa.is/

Reynir Ingibjartsson. (2014). 25 gönguleiðir um Borgarfjörð og Dali. Salka.

Myndaskrá

Landmótun - https://www.flickr.com/photos/lgi69/22403618677

Vatnafar - https://www.flickr.com/photos/sveinn71/486200477

Vatnafar - https://commons.wikimedia.org/wiki/File:Pano_Hraunfossar.jpg

Vatnafar - https://www.flickr.com/photos/hauxon/1985558814

Vatnfar - https://www.pinterest.es/pin/488922103268520007/

Vatnafar - https://guidetoiceland.is/connect-with-locals/regina/a-visit-to-lundarreykjadalur-valley-in-west-iceland-and-the-natural-hot-pools-krosslaug-and-englandshverir#englandshverhot-pools

https://is.wikipedia.org/wiki/Snorralaug_%C3%AD_Reykholti

https://skessuhorn.is/2019/11/04/aforma-fridlysingu-votlendis-vid-fitjaa/

Veðurfar - https://vindatlas.vedur.is/

Jarðvegur - https://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/jardvegskort_2.pdf

Gróðurfar - https://iceforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=de3bbce4966b4290847ba4ae0c87d3f3

Gróðurfar - https://geo.alta.is/landvernd/natturukort/?z=12.47&lat=64.46815876&lng=-21.34284413

Vistgerðir og dýralíf - Daníel Bergmann

Búseta á svæðinu, Fitjar - https://skorradalur.is/um-skorradal/fitjakirkja/

Búseta á svæðinu, Iðunnarstaðir - https://guidetoiceland.is/accommodation/hotels/basalt-hotel

Búseta á svæðinu, Múlastaðir - http://heidmork.is/wp-content/uploads/2015/11/mulastadir_gisting_2018-1.pdf

Búseta á svæðinu, Múlastaðir - https://mats.photoshelter.com/image/I00007bamY2EOLDE

Myndaskrá

Búseta á svæðinu, Múlastaðir - https://mats.photoshelter.com/image/I00007bamY2EOLDE

Búseta á svæðinu, Reykholt og Kleppjárnsreykir - http://www.sagatrail.is/en/museums/reykholt/

Búseta á svæðinu, Reykholt og Kleppjárnsreykir - https://mats.photoshelter.com/image/I00007L8.uBTRU78

Búseta á svæðinu, Húsafell - https://www.husafell.com/accommodation/campsite

Menningarminjar - https://www.ruv.is/frett/bruin-yfir-blaskeggsa-opnud-a-ny

Menningarminjar - https://www.flickr.com/photos/gretarwilliam/4666830891

Menningarlegar skírskotanir - https://vatnsidnadur.net/tag/ylraekt-hitaveita/

Menningarlegar skírskotanir - http://viking.archeurope.com/literature/snorri-sturluson/

Menningarlegar skírskotanir - http://www.sagatrail.is/en/museums/Snorrastofa/

Menningarlegar skírskotanir - https://www.facebook.com/claus.in.iceland/posts/10156190360277382?comment_id=10156198073877382

Menningarlegar skírskotanir - http://smugan.is/2012/02/glitrar-a-hjarnid-pall-a-husafelli-tileinkar-syningu-sina-thor-vilhjalmssyni/

Rými og fagurfræði - https://wapp.is/thyrill-i-hvalfirdi/

Rými og fagurfræði - https://m.facebook.com/Selsskogur/photos/d41d8cd9/1453716174719961/

Rými og fagurfræði - https://www.flickr.com/photos/lgi69/22403618677/in/photostream/

Rými og fagurfræði - https://mats.photoshelter.com/image/I0000OrgR9_DE9CQ

Rými og fagurfræði - https://www.snorrastofa.is/en/reykholt

Landslagsheildir unnið eftir mynd - https://earth.google.com/web/search/h%c3%a1lsasveit/@64.56877639,-21.55193178,47.30012848a,16538.04857004d,35y,123.70433466h,60.12490409t,-0r/data=CigiJgokCRm0OXsqN1BAEezBibnCL1BAGYwNXwrdTjXAIVMzTgjSkjXA

Gönguleið fyrsta daginn - https://ferlir.is/thyrill/

Myndaskrá

Gönguleið fyrsta daginn - https://earth.google.com/web/@64.5594002,-21.4029766,92.8876091a,3578.02873629d,35y,0.00000001h,60.02630861t,0r

Gönguleið fyrsta daginn - https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/08/19/fridlysing_eda_kolefnisbinding/

Gönguleið annan daginn - https://gonguleidir.is/listing/eiriksfell-i-skorradal/

Gönguleið annan daginn - https://www.flickr.com/photos/alexandergud/14841271671

Gönguleið annan daginn - https://www.facebook.com/basalthotel/photos/t%C3%B3kum-%C3%A1-m%C3%B3ti-v%C3%B6skum-g%C3%B6ngug%C3%B6rpum-%C3%BAr-fer%C3%B0af%C3%A9lagi-borgarfjar%C3%B0arh%C3%A9ra%C3%B0s-og-gengum-t-il/314544370165423/?locale2=mk_MK&_rdr

Gönguleið annan daginn - https://guidetoiceland.is/connect-with-locals/regina/a-visit-to-lundarreykjadalur-valley-in-west-iceland-and-the-natural-hot-pools-krosslaug-and-englandshverir

Gönguleið þriðja daginn - https://mats.photoshelter.com/image/I0000001FoFMyFruyY

Gönguleið þriðja daginn - https://www.facebook.com/Sk%C3%B3gr%C3%A6ktin-Tungufelli-554091438351937/

Gönguleið þriðja daginn - http://www.hatlastravel.com/spots/?name=Lundarreykjadalur&id=zrTXToLEmes

Gönguleið fjórða daginn - https://mats.photoshelter.com/image/I0000s9ncGw2fCp8

Gönguleið fimmta daginn - https://husafellsskogur.is/pdf/husafellsskogur_digital.pdf

Gönguleið fimmta daginn - https://mapio.net/images-p/60528296.jpg

Gönguleið fimmta daginn - https://guidetoiceland.is/travel-iceland/drive/barnafoss